**14. september 2017**

# Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2017

*Quarterly government accounts, 2nd quarter 2017*

**Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 12,9 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2017. Tekjuafgangurinn nam 2,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,8% af tekjum hins opinbera. Á sama tíma 2016 var afkoman jákvæð um 13,4 milljarða króna.**

**Heildartekjur hins opinbera jukust um 6,0% milli 2. ársfjórðungs 2016 og 2017. Tekjuaukningin skýrist aðallega af auknum skatttekjum. Á sama tímabili jukust heildarútgjöld hins opinbera um 6,6%. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af hærri launakostnaði. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2017 frá sama tíma árið áður var 2,8%.**

**Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.624 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2017 sem samsvarar 63,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 694 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 27,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs minnkaði um 160 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2016 og 2017.**

**Vegna breytinga á gagnaskilum sem átt hafa sér stað í tengslum við innleiðingu laga um opinber fjármál er óvissa í uppgjöri fjármála hins opinbera meiri nú en undir venjulegum kringumstæðum. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi eru því settar fram með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða vegna fyllri upplýsinga.**

## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um 6,0%*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 269,3 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2017, sem er 6,0% aukning frá 2. ársfjórðungi 2016. Sú aukning skýrist aðallega af hærri skatttekjum en áætluð aukning í skatttekjum hins opinbera er 10,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 85,3% af heildartekjum hins opinbera á ársfjórðungnum og skiluðu hinu opinbera 229,7 milljörðum króna.

*Útgjöld jukust um 6,6%*

Á 2. ársfjórðungi 2017 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 256,4 milljarðar króna en þau voru 240,5 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2016. Aukningin milli ára nemur 6,6% sem skýrist aðallega af auknum launakostnaði. Áætluð aukning í launakostnaði hins opinbera er 9,2%. Launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu nema 60,6% af heildarútgjöldum hins

opinbera. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 2,8% á 2. ársfjórðungi 2017 frá sama ársfjórðungi 2016.

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs**
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*




**Skýringar** *Notes*: Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar á 1. ársfj. 2016, án stöðugleikaframlagsins hefði tekjujöfnuðurinn verið neikvæður um 1,7% af VLF ársfjórðungsins. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter 2016, when excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 1.7% of quarterly GDP. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 4th quarter 2016.*

*Tekjuafkoma hins opinbera var jávæð um 12,9 milljarða*

Tekjuafkoma hins opinbera er áætluð jákvæð um 12,9 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2017. Tekjuafgangurinn nam því 4,8% af heildartekjum hins opinbera og 2,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2016 og 2017**
*Table 1. General government finances in 2nd quarter 2016 and 2017*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 2. ársfj. *2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* | 1.–2. ársfj. *1st–2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur[1] *Revenue*[1] | 253,9 | 269,3 | 6,0 | 872,9 | 534,6 | -38,8 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 240,5 | 256,4 | 6,6 | 484,4 | 499,6 | 3,1 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 15,7 | 17,2 | 10,0 | 27,4 | 29,9 | 9,0 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 13,4 | 12,9 | • | 388,4 | 35,0 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | 5,3 | 4,8 | • | 44,5 | 6,5 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF[1] *Financial bal. % of GDP*[1] | 2,2 | 2,1 | • | 33,7 | 2,9 | • |

[1] Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar á fyrsta ársfjórðungi 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter2016.*

[2] Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

## Ríkissjóður

*Tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 14,9 milljarða*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 196,9 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2017 og heildarútgjöld 182,0 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 14,9 milljarða króna á 2. ársfjórðungi, eða sem nemur 2,4% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Þegar fyrstu tveir ársfjórðungar ársins 2017 eru bornir saman við fyrstu tvo árið 2016 þá hafa tekjur ríkissjóðs dregist saman um 348,7 milljarða króna eða 47,0%. Skýrist þessi samdráttur aðallega af tekjum ríkisins af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2016. Um er að ræða framlög slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja sem komu í stað greiðslu stöðugleikaskatts. Stöðugleikaframlagið er fært undir óreglubundna eignaskatta í uppgjöri Hagstofunnar. Er sú flokkun gerð í samræmi við fyrirliggjandi forsendur framlaganna og alþjóðlega staðla um hagræna flokkun fjárhagsupplýsinga hins opinbera. Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 0,9% á fyrstu tveimur ársfjórðungum 2017 samanborið við sama tímabil 2016.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2016 og 2017**
*Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2016 and 2017*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 2. ársfj. *2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* | 1.–2. ársfj. *1st–2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur[1] *Revenue*[1] | 187,2 | 196,9 | 5,2 | 742,2 | 393,5 | -47,0 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 172,9 | 182,0 | 5,2 | 354,3 | 357,4 | 0,9 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 9,9 | 10,8 | 8,3 | 16,8 | 17,9 | 6,6 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 14,3 | 14,9 | • | 388,0 | 36,1 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | 7,6 | 7,6 | • | 52,3 | 9,2 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF[2] *Financial bal. % of GDP*[2] | 2,4 | 2,4 | • | 33,7 | 3,0 | • |

[1] Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar á fyrsta ársfjórðungi 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter2016.*

[2] Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárframlög til almannatrygginga, launakostnaður, kaup á vöru og þjónustu og vaxtagjöld. Á 2. ársfjórðungi 2017 er áætlað að launakostnaður hafi aukist um 9,3% og að kaup á vöru og þjónustu hafi aukist um 2,4% frá sama ársfjórðungi 2016. Áætlað er hinsvegar að vaxtagjöld hafi dregist saman um 2,5%.

Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 2,2% á 2. ársfjórðungi 2017, en á sama tíma árið 2016 mældist magnbreytingin 3,4%.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur dregist saman um 29,9%*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 930 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2017, eða sem nemur 36,3% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hafa peningalegar eignir dregist saman um tæplega 345 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2016 eða 27,0%. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs dregist saman um 10,2%, en þær námu 1.624 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2017. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirnar 63,5% í lok 2. ársfjórðungs 2017 en voru 73,9% í lok 2. ársfjórðungs 2016. Peningalegar eignir umfram skuldir eru því

neikvæðar um 694 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2017 sem nemur 27,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 21,8% í lok 2. ársfjórðungs 2016. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því dregist saman um tæplega 160 milljarða króna eða 29,9% frá 2. ársfjórðungi 2016.

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*




## Sveitarfélög

*Heildartekjur sveitarfélaga hækkuðu um 7,9%*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2017 eru áætlaðar 81,7 milljarðar króna og heildarútgjöld 81,6 milljarðar króna. Tekjuafkoma 2. ársfjórðungs er því áætluð 0,1 milljarður króna. Á sama tíma 2016 var tekjuafkoman neikvæð um 0,8 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 7,9% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 6,7%.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2016 og 2017**
*Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2016 and 2017*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 2. ársfj. *2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* | 1.–2. ársfj. *1st–2nd quarter* 2016 | 2017 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 75,7 | 81,7 | 7,9 | 147,6 | 159,3 | 7,9 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 76,4 | 81,6 | 6,7 | 147,9 | 157,7 | 6,6 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 5,7 | 6,5 | 12,9 | 10,5 | 11,9 | 12,9 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -0,8 | 0,1 | • | -0,3 | 1,6 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -1,0 | 0,1 | • | -0,2 | 1,0 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF[1] *Financial bal. % of GDP*[1] | -0,1 | 0,0 | • | 0,0 | 0,1 | • |

[1] Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

*Útsvarstekjur hækkuðu um 9,4%*

Útsvarstekjur eru stærsti tekjuliður sveitarfélaga og nema 63,4% af heildartekjum þeirra. Á 2. ársfjórðungi 2017 skiluðu útsvarstekjur 51,8 milljörðum króna, sem er

aukning um 9,4% frá sama tíma 2016. Launakostnaður er umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna og nemur 49,3% af heildarútgjöldum, kaup á vöru og þjónustu fylgir á eftir með 30,0% af heildarútgjöldum. Á 2. ársfjórðungi 2017 er áætlað að launakostnaður sveitarfélaganna hafi aukist um 9,0% og kaup á vöru og þjónustu hafi aukist um 2,3% í samanburði við 2. ársfjórðung 2016.

Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 1,9% á 2. ársfjórðungi 2017 en mældist neikvæð um 0,9% á sama ársfjórðungi 2016.

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga. Mánaðarhefti ríkissjóðs eru hinsvegar á greiðslugrunni. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er saman gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Upplýsingaveitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðu eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn er því fólginn í meðhöndlun á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 2nd quarter of 2017, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to a surplus of 12.9 billion ISK or 2.1% of quarterly GDP and 4.8% of the general government total revenue. In first half of the year the surplus amounted to 35.0 billion ISK, compared to a surplus of 388.4 billion ISK in the first half of 2016. The vast difference between 2017 and 2016 can be explained by the extraordinary revenue of 384.2 billion ISK, due to stability contribution associated with the resolution of the failed bank estates, included in 1st quarter of 2016.

The general government total revenue is estimated to 269.3 billion ISK in the 2nd quarter of 2017, an increase of 6.0% from previous year. The main drive in the increase of revenues is tax revenues, which increased by 10.7%. The total expenditure increased by 6.6%, from 240.5 billion ISK in 2016 to 256.4 billion ISK in 2017, mainly due to increase in wages and salaries.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2017 amounted to 1,624 billion ISK or 63.5% of GDP. The net financial position of the central government, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 694 billion ISK or 27.1% of GDP, compared to 21.8% in the same period last year. Hence, the central government net financial asset position has deteriorated by 160 billion ISK between the 2nd quarters of 2016 and 2017.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles, whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. On accrual basis, flows are recorded when they are established regardless of when actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Due to changes in source data that have taken place in connection with the implementation of the Act on Public Finance, uncertainty in public sector accounts is greater now than under normal circumstances. The results of public finances in Q2 are therefore presented subject to changes that may be due to more information.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2014–2017**
*Table 4. Quarterly Government Finances 2014–2017*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur *Total revenue (1)* | Heildar-útgjöld *Total expenditure (2)* | — þar af fjárfesting *— thereof investment (2.1)* | Tekju-jöfnuður *Financial balance (3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum *Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF *Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** ***The General Government*** | | | | | | |
| **2014** | **907,0** | **908,5** | **61,7** | **-1,5** | **-0,2** | **-0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 219,7 | 207,4 | 11,1 | 12,3 | 5,6 | 0,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 214,5 | 217,7 | 14,6 | -3,2 | -1,5 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 217,2 | 222,7 | 17,5 | -5,6 | -2,6 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 255,6 | 260,7 | 18,6 | -5,0 | -2,0 | -0,3 |
| **2015** | **931,0** | **949,1** | **64,0** | **-18,2** | **-2,0** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 221,7 | 233,6 | 11,7 | -11,8 | -5,3 | -0,5 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 217,7 | 228,7 | 14,8 | -10,9 | -5,0 | -0,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 228,0 | 235,8 | 17,3 | -7,8 | -3,4 | -0,4 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 263,5 | 251,1 | 20,2 | 12,4 | 4,7 | 0,6 |
| **2016** | **1.413,3** | **1.103,8** | **67,2** | **309,5** | **21,9** | **12,6** |
| 1. ársfjórðungur[1] *1st quarter*[1] | 618,9 | 243,9 | 11,7 | 375,0 | 60,6 | 15,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 253,9 | 240,5 | 15,7 | 13,4 | 5,3 | 0,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 258,3 | 247,1 | 19,0 | 11,2 | 4,3 | 0,5 |
| 4. ársfjórðungur[2] *4th quarter*[2] | 282,2 | 372,4 | 20,8 | -90,1 | -31,9 | -3,7 |
| **2017** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 265,3 | 243,2 | 12,6 | 22,1 | 8,3 | 0,9 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 269,3 | 256,4 | 17,2 | 12,9 | 4,8 | 0,5 |
| **Ríkissjóður** ***The Central Government*** | | | | | | |
| **2014** | **686,1** | **669,8** | **36,7** | **16,3** | **2,4** | **0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 166,4 | 149,7 | 5,6 | 16,7 | 10,1 | 0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 158,5 | 156,7 | 8,5 | 1,8 | 1,1 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 162,6 | 163,1 | 10,1 | -0,5 | -0,3 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 198,7 | 200,4 | 12,6 | -1,7 | -0,9 | -0,1 |
| **2015** | **692,4** | **698,3** | **41,5** | **-5,9** | **-0,9** | **-0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 164,6 | 173,9 | 6,7 | -9,3 | -5,7 | -0,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 159,1 | 165,3 | 9,2 | -6,2 | -3,9 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 167,8 | 174,1 | 10,7 | -6,3 | -3,8 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 200,9 | 185,0 | 14,8 | 15,9 | 7,9 | 0,7 |
| **2016** | **1.149,0** | **848,8** | **43,6** | **300,2** | **26,1** | **12,3** |
| 1. ársfjórðungur[1] *1st quarter*[1] | 555,0 | 181,3 | 6,9 | 373,7 | 67,3 | 15,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 187,2 | 172,9 | 9,9 | 14,3 | 7,6 | 0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 188,6 | 180,6 | 11,6 | 8,0 | 4,2 | 0,3 |
| 4. ársfjórðungur[2] *4th quarter*[2] | 218,2 | 313,9 | 15,2 | -95,8 | -43,9 | -3,9 |
| **2017** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 196,6 | 175,5 | 7,2 | 21,2 | 10,8 | 0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 196,9 | 182,0 | 10,8 | 14,9 | 7,6 | 0,6 |

[1] Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included.*

[2] Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2014–2017 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2014–2017 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | — þar af fjárfesting<br>*— thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2014** | **254,9** | **271,3** | **25,0** | **-16,4** | **-6,4** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 60,7 | 63,9 | 5,5 | -3,2 | -5,3 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 64,0 | 68,5 | 6,1 | -4,5 | -7,1 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 64,0 | 68,6 | 7,4 | -4,6 | -7,2 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 66,2 | 70,2 | 6,0 | -4,0 | -6,1 | -0,2 |
| **2015** | **273,6** | **287,0** | **22,5** | **-13,3** | **-4,9** | **-0,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 65,3 | 68,0 | 5,0 | -2,6 | -4,0 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 67,2 | 71,7 | 5,5 | -4,5 | -6,7 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 69,3 | 70,9 | 6,6 | -1,6 | -2,3 | -0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 71,8 | 76,5 | 5,4 | -4,6 | -6,4 | -0,2 |
| **2016** | **303,4** | **300,3** | **23,5** | **3,0** | **1,0** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 72,0 | 71,5 | 4,8 | 0,5 | 0,7 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 75,7 | 76,4 | 5,7 | -0,8 | -1,0 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 76,7 | 75,4 | 7,4 | 1,3 | 1,7 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 79,1 | 77,1 | 5,6 | 2,0 | 2,5 | 0,1 |
| **2017** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 77,6 | 76,1 | 5,4 | 1,5 | 1,9 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 81,7 | 81,6 | 6,5 | 0,1 | 0,1 | 0,0 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2014** | **168,6** | **170,0** | **0,0** | **-1,4** | **-0,8** | **-0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 41,0 | 42,2 | 0,0 | -1,2 | -2,9 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 41,2 | 41,7 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 41,5 | 42,0 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 44,8 | 44,1 | 0,0 | 0,7 | 1,6 | 0,0 |
| **2015** | **178,8** | **177,7** | **0,0** | **1,1** | **0,6** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 43,5 | 43,3 | 0,0 | 0,1 | 0,3 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 43,8 | 44,0 | 0,0 | -0,3 | -0,6 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 44,1 | 43,9 | 0,0 | 0,1 | 0,3 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 47,6 | 46,4 | 0,0 | 1,1 | 2,4 | 0,1 |
| **2016** | **200,3** | **194,0** | **0,0** | **6,3** | **3,2** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 47,8 | 47,0 | 0,0 | 0,8 | 1,7 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,6 | 47,7 | 0,0 | -0,1 | -0,2 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 50,5 | 48,6 | 0,0 | 1,9 | 3,8 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 54,3 | 50,6 | 0,0 | 3,7 | 6,8 | 0,1 |
| **2017** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 51,9 | 52,4 | 0,0 | -0,5 | -1,0 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 51,7 | 53,8 | 0,0 | -2,1 | -4,0 | -0,1 |

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2016–2017**
*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2016–2017*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2016 | | | | | 2017 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* | |
| | *Total* | I | II | III | IV | I | II |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **1.413,3** | **618,9** | **253,9** | **258,3** | **282,2** | **265,3** | **269,3** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 1.177,9 | 570,1 | 188,0 | 202,2 | 217,6 | 203,1 | 208,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 431,9 | 99,9 | 105,5 | 107,0 | 119,6 | 110,7 | 117,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 7,4 | 1,8 | 1,8 | 1,8 | 1,8 | 2,0 | 2,0 |
| 113 Eignarskattar[1] *Property taxes*[1] | 432,6 | 396,4 | 12,0 | 11,8 | 12,4 | 13,2 | 13,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 286,0 | 70,9 | 66,5 | 78,9 | 69,7 | 75,9 | 73,3 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,1 | 1,0 | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 0,9 | 1,1 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 14,9 | 0,1 | 1,0 | 1,3 | 12,6 | 0,3 | 1,7 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 85,4 | 20,3 | 20,6 | 22,0 | 22,6 | 21,4 | 21,7 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 3,0 | 1,7 | 1,2 | 3,9 | -3,9 | 0,6 | 0,6 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 147,1 | 26,8 | 44,2 | 30,3 | 45,9 | 40,3 | 39,0 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **1.103,8** | **243,9** | **240,5** | **247,1** | **372,4** | **243,2** | **256,4** |
| 21 Laun *Wages* | 331,7 | 76,4 | 83,1 | 82,2 | 89,9 | 83,4 | 90,8 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 251,9 | 60,5 | 62,6 | 61,8 | 67,1 | 62,6 | 64,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 42,1 | 10,5 | 10,6 | 10,5 | 10,5 | 10,6 | 10,7 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 95,7 | 24,8 | 23,5 | 26,9 | 20,6 | 24,6 | 23,4 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 34,6 | 8,6 | 8,6 | 8,3 | 9,1 | 8,2 | 8,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 4,9 | 0,9 | 1,3 | 1,1 | 1,7 | 1,0 | 1,5 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 147,6 | 36,1 | 36,1 | 37,0 | 38,4 | 41,1 | 41,1 |
| 28 Önnur útgjöld[2] *Other expenditure*[2] | 170,1 | 25,0 | 9,6 | 10,7 | 124,8 | 9,7 | 9,4 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 67,2 | 11,7 | 15,7 | 19,0 | 20,8 | 12,6 | 17,2 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -42,1 | -10,5 | -10,6 | -10,5 | -10,5 | -10,6 | -10,7 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **309,5** | **375,0** | **13,4** | **11,2** | **-90,1** | **22,1** | **12,9** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **21,9** | **60,6** | **5,3** | **4,3** | **-31,9** | **8,3** | **4,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **12,6** | **15,3** | **0,5** | **0,5** | **-3,7** | **0,9** | **0,5** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **57,7** | **25,3** | **10,4** | **10,5** | **11,5** | **10,4** | **10,5** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **45,1** | **10,0** | **9,8** | **10,1** | **15,2** | **9,5** | **10,0** |

[1] Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter 2016.*

[2] Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 4th quarter 2016.*

## Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2016–2017

*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2016–2017*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2016 Alls *Total* | 2016 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2017 Á *Q* I | II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **1.149,0** | **555,0** | **187,2** | **188,6** | **218,2** | **196,6** | **196,9** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 944,9 | 515,6 | 130,0 | 142,5 | 156,8 | 143,2 | 144,4 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 240,8 | 55,8 | 58,1 | 57,9 | 69,0 | 62,5 | 65,2 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 7,4 | 1,8 | 1,8 | 1,8 | 1,8 | 2,0 | 2,0 |
| 113 Eignarskattar[1] *Property taxes*[1] | 394,1 | 386,8 | 2,4 | 2,2 | 2,8 | 2,7 | 2,5 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 282,6 | 70,0 | 65,4 | 77,9 | 69,2 | 74,7 | 71,9 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,1 | 1,0 | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 0,9 | 1,1 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 14,9 | 0,1 | 1,0 | 1,3 | 12,6 | 0,3 | 1,7 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 85,4 | 20,3 | 20,6 | 22,0 | 22,6 | 21,4 | 21,7 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 11,9 | 2,7 | 2,9 | 3,1 | 3,2 | 2,7 | 2,8 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 106,8 | 16,5 | 33,8 | 21,1 | 35,5 | 29,3 | 28,0 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **848,8** | **181,3** | **172,9** | **180,6** | **313,9** | **175,5** | **182,0** |
| 21 Laun *Wages* | 164,1 | 37,5 | 39,9 | 40,7 | 46,0 | 41,0 | 43,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 115,9 | 26,8 | 28,4 | 28,7 | 32,0 | 28,0 | 29,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 30,7 | 7,7 | 7,8 | 7,7 | 7,7 | 7,8 | 7,8 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 86,5 | 22,5 | 21,2 | 24,5 | 18,3 | 21,9 | 20,7 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 30,1 | 7,5 | 7,5 | 7,2 | 8,0 | 6,9 | 7,0 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 235,3 | 54,7 | 55,7 | 56,3 | 68,6 | 59,7 | 60,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 15,2 | 3,6 | 3,7 | 3,8 | 4,1 | 4,1 | 4,3 |
| 28 Önnur útgjöld[2] *Other expenditure*[2] | 158,0 | 22,0 | 6,6 | 7,7 | 121,8 | 6,6 | 6,3 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 43,6 | 6,9 | 9,9 | 11,6 | 15,2 | 7,2 | 10,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -30,7 | -7,7 | -7,8 | -7,7 | -7,7 | -7,8 | -7,8 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **300,2** | **373,7** | **14,3** | **8,0** | **-95,8** | **21,2** | **14,9** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **26,1** | **67,3** | **7,6** | **4,2** | **-43,9** | **10,8** | **7,6** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **12,3** | **15,3** | **0,6** | **0,3** | **-3,9** | **0,8** | **0,6** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **46,9** | **22,7** | **7,6** | **7,7** | **8,9** | **7,7** | **7,7** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **34,7** | **7,4** | **7,1** | **7,4** | **12,8** | **6,9** | **7,1** |

[1] Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter 2016.*

[2] Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 4th quarter 2016.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2016–2017**
*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2016–2017*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2016 Alls *Total* | 2016 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2017 Á *Q* I | II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **303,4** | **72,0** | **75,7** | **76,7** | **79,1** | **77,6** | **81,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 233,0 | 54,6 | 58,0 | 59,7 | 60,8 | 59,9 | 63,6 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 191,1 | 44,1 | 47,3 | 49,0 | 50,6 | 48,2 | 51,8 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 38,5 | 9,6 | 9,6 | 9,6 | 9,6 | 10,5 | 10,5 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 3,5 | 0,9 | 1,0 | 1,0 | 0,5 | 1,1 | 1,4 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 32,9 | 7,8 | 8,1 | 8,5 | 8,6 | 7,5 | 7,8 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 37,4 | 9,6 | 9,6 | 8,5 | 9,6 | 10,2 | 10,2 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **300,3** | **71,5** | **76,4** | **75,4** | **77,1** | **76,1** | **81,6** |
| 21 Laun *Wages* | 142,5 | 33,0 | 36,9 | 35,2 | 37,5 | 35,9 | 40,2 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 94,5 | 23,7 | 23,9 | 22,8 | 24,1 | 24,3 | 24,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 11,4 | 2,8 | 2,9 | 2,8 | 2,8 | 2,9 | 2,9 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 9,2 | 2,3 | 2,3 | 2,3 | 2,3 | 2,7 | 2,7 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 4,3 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 1,6 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 12,9 | 3,2 | 3,2 | 3,2 | 3,2 | 3,3 | 3,3 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 11,7 | 2,9 | 2,9 | 2,9 | 2,9 | 3,0 | 3,0 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 23,5 | 4,8 | 5,7 | 7,4 | 5,6 | 5,4 | 6,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -11,4 | -2,8 | -2,9 | -2,8 | -2,8 | -2,9 | -2,9 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **3,0** | **0,5** | **-0,8** | **1,3** | **2,0** | **1,5** | **0,1** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **1,0** | **0,7** | **-1,0** | **1,7** | **2,5** | **1,9** | **0,1** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,1** | **0,0** | **0,0** | **0,1** | **0,1** | **0,1** | **0,0** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **12,4** | **2,9** | **3,1** | **3,1** | **3,2** | **3,0** | **3,2** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **12,3** | **2,9** | **3,1** | **3,1** | **3,1** | **3,0** | **3,2** |

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2016–2017**

*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2016–2017*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2016 Alls *Total* | 2016 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2017 Á *Q* I | II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **200,3** | **47,8** | **47,6** | **50,5** | **54,3** | **51,9** | **51,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 197,5 | 47,1 | 46,9 | 49,8 | 53,6 | 51,1 | 50,9 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 2,8 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **194,0** | **47,0** | **47,7** | **48,6** | **50,6** | **52,4** | **53,8** |
| 21 Laun *Wages* | 25,1 | 5,9 | 6,4 | 6,3 | 6,5 | 6,4 | 7,0 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 41,5 | 10,0 | 10,3 | 10,3 | 10,9 | 10,3 | 11,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,2 | 0,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 7,3 | 1,6 | 1,7 | 1,9 | 2,0 | 1,7 | 1,8 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 119,5 | 29,3 | 29,2 | 30,0 | 31,1 | 33,7 | 33,6 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **6,3** | **0,8** | **-0,1** | **1,9** | **3,7** | **-0,5** | **-2,1** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **3,2** | **1,7** | **-0,2** | **3,8** | **6,8** | **-1,0** | **-4,0** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,3** | **0,0** | **0,0** | **0,1** | **0,1** | **0,0** | **-0,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **8,2** | **2,0** | **1,9** | **2,1** | **2,2** | **2,0** | **2,0** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **7,9** | **1,9** | **1,9** | **2,0** | **2,1** | **2,0** | **2,1** |

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2014–2017**
*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2014–2017*

| | 2014 Á *Q* | 2015 Á *Q* | 2016 Á *Q* | 2016 Ársfj. *Quarters* | | 2017 Ársfj. *Quarters* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | IV | IV | IV | I | II | I | II |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **1.163.092** | **1.010.284** | **1.115.174** | **1.347.423** | **1.274.603** | **1.152.379** | **930.099** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 512.649 | 397.711 | 274.266 | 379.790 | 306.369 | 240.759 | 126.873 |
| Lánveitingar *Loans* | 168.130 | 123.870 | 51.166 | 127.004 | 127.829 | 60.607 | 110.156 |
| Aðrar eignir *Other financial assets* | 352.370 | 351.627 | 536.374 | 672.856 | 672.668 | 652.285 | 503.212 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 129.943 | 137.076 | 253.368 | 167.773 | 167.737 | 198.728 | 189.858 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **2.001.722** | **1.847.089** | **1.735.968** | **1.891.565** | **1.808.869** | **1.810.541** | **1.624.113** |
| Verðbréf *Securities* | 853.759 | 863.852 | 832.753 | 878.948 | 860.910 | 794.360 | 790.975 |
| Lántökur *Loans* | 642.151 | 475.381 | 298.632 | 429.849 | 361.193 | 300.121 | 157.050 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 227.964 | 172.341 | 97.868 | 139.999 | 137.326 | 96.655 | 56.421 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 414.187 | 303.040 | 200.764 | 289.850 | 223.867 | 203.466 | 100.629 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 407.734 | 435.659 | 508.476 | 508.476 | 508.476 | 611.361 | 608.361 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 98.078 | 72.197 | 96.107 | 74.292 | 78.290 | 104.699 | 67.727 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-838.630** | **-836.805** | **-620.794** | **-544.142** | **-534.266** | **-658.162** | **-694.015** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** ***% of Gross Domestic Product (GDP)*** | | | | | | | |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **57,6** | **45,3** | **45,5** | **55,0** | **52,0** | **45,0** | **36,3** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 25,4 | 17,8 | 11,2 | 15,5 | 12,5 | 9,4 | 5,0 |
| Lánveitingar *Loans* | 8,3 | 5,5 | 2,1 | 5,2 | 5,2 | 2,4 | 4,3 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 17,5 | 15,8 | 21,9 | 27,5 | 27,5 | 25,5 | 19,7 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 6,4 | 6,1 | 10,3 | 6,9 | 6,8 | 7,8 | 7,4 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **99,1** | **82,7** | **70,9** | **77,2** | **73,9** | **70,8** | **63,5** |
| Verðbréf *Securities* | 42,3 | 38,7 | 34,0 | 35,9 | 35,2 | 31,0 | 30,9 |
| Lántökur *Loans* | 31,8 | 21,3 | 12,2 | 17,6 | 14,7 | 11,7 | 6,1 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 11,3 | 7,7 | 4,0 | 5,7 | 5,6 | 3,8 | 2,2 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 20,5 | 13,6 | 8,2 | 11,8 | 9,1 | 8,0 | 3,9 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 20,2 | 19,5 | 20,8 | 20,8 | 20,8 | 23,9 | 23,8 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 4,9 | 3,2 | 3,9 | 3,0 | 3,2 | 4,1 | 2,6 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-41,5** | **-37,5** | **-25,4** | **-22,2** | **-21,8** | **-25,7** | **-27,1** |

Hagtíðindi
Statistical Series
102. árg. • 19. tbl.
ISSN 1670-4770

Fjármál hins opinbera
*Public finance*
14. september 2017
Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*